



HRUNAMANNAREPPUR



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

Seyrustjórn



FLÓAHREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAREPPUR

6. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 18. október 2022 kl. 14:30.

Fundinn sátu:

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Staða hreinsunar.

Þjónustufulltrúi fór yfir stöðu á hreinsuðum rotþróum í ár.

Búið er að fara í 2.442 rotþræur á árinu frá 1.janúar-17.október. Þjónustufulltrúi er í vinnu við að yfirfara allar skráningar og bera saman rotþræur á skrá við fasteignaskrá.

2. Gjaldskrá Seyrustaða.

Sveitarstjóra Hrunamannahrepps falið að koma með tillögu að nýju verði á móttökugjaldi á Seyrustöðum þar sem tekið er sérstakt tillit til þeirra miklu hækkana sem hefur orðið á aðföngum og aðkeyptri þjónustu. Rætt um hvort gjaldskrá þjónustu eigi að halda í við vísitölu neysluverðs og km gjald seyrubils haldi í við vísitölu vörubila hjá Vegagerðinni.

Seyrustjórn leggur til við sveitarstjórnir að framvegis munu beiðnir um aukalosanir fara fram beint til Seyrustaða en ekki í gegnum sveitarfélögin og Hrunamannahreppur sem umsjónaraðili Seyrustaða sjái um innheimtu beint til viðskiptavina.

3. Fjárfestingar næsta árs.

Rætt um möguleg kaup á nýjum 2ja öxla bíl sem er helmingi minni og gerir okkur kleift að komast að þeim húsum sem núverandi bíll kemst ekki að. Með fjárfestingunni yrðu Seyrustaðir sjálbær í allri þjónustu og þyrfti ekki að notast við undirverktaka. Sveitarstjóra Hrunamannahrepps falið að stilla upp tveimur fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, með því að fara í fjárfestingu á nýjum bíl og án þess að fara í fjárfestinguna.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps fór yfir allar hækkanir sem hafa komið fram á árinu, bæði laun, aðföng og aðkeypt þjónusta. Sveitarstjóra Hrunamanna falið að leggja fram drög að fjárhagsáætlun á næsta fundi í samræmi við umræðu á fundinum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:25.